

nákvæmara álits hans um þetta efni, og mælumst vèr því til, að þèr, herra stiptamtmaður, leggið honum fyrir, að láta uppi álit sitt, og sendið það svo hingað ásamt yðar eigin athugasemdum.

1870.
5. nóvbr.

101. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launalög embættismanna.

7. nóvbr.

Hèrmeð sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, til leiðbeiningar nokkur exemplör af lögum 26. marz 1870, innihaldandi almenningar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna eða sýslunarmanna o. s. fr., ásamt tveimur hèr til heyrandi tilskipunum, 2. apríl 1870, um það, hvernig embættismenn og embættisþjónar, sem hafa nafnbót, er eigi stendur í sambandi við embættið sjálft, eigi að fara að, til að fríast við nafnbótina, og 17. septbr. 1870, um aðgang fyrir embættismenn og embættisþjóna til þess að segja af sér nafnbótum, sem þeim hafi verið veittar, og mælumst vèr til að þèr sendið sýslumönnunum í yðar umdæmi sitt exemplarið af hverju, lögnum og tilskipunum, til eptirbreytni, er þeir heimta skatt af nafnbótum.¹

102. Bréf dómismálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útbýting á garðfræi í suður- amtinu.

7. nóvbr.

Í bræfi 7. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þá er yður hafði borizt bréf dómismálastjórnarinnar 26. febr. þ. á., hafið þèr látið auglýsa á manntalsþingum í suðurumdæminu, að gjafafraei verði útbýtt í síðasta skipti þetta ár, en síðan hafið þèr efazt um, hvort þèr hafið skilið rétt fyrir nefnt bréf dómismálastjórn-

¹) Samhljóða bréf eru sama dag send hinum amtmönnunum.